

málaflutningsmanni Oddi Gíslasyni greiðist af almannafé málsfærslulaun fyrir yfirdómi 20 krónur.

Mánudaginn 18. septembermánaðar.

Nr. 3/1905:

Magnús Sigurðsson á Fossi
gegn

Þórarni útvegsbónda Þórarinssyni.

D ó m u r :

Mál þetta sótti áfryjandi Magnús Sigurðsson á hendur Þórarni Þórarinssyni fyrir aukarétti Seyðisfjarðarkaupstaðar út af vangoldnum ágóða af fiskiútgerð þeirra málsaðila sumarið 1903, er hann tjáði sig eiga hjá stefnda. Var málið dæmt 25. nóv. f. á. með þeim úrslitum, að stefndi var sýknaður af kröfum stefnandans, en málskostnaður var látinn falla niður. — Þessum dómi hefir Magnús Sigurðsson áfryjað til landsyfirréttarins með stefnu 26. janúarmán þ. á., og krafist, að dóminum verði hrundið eða breytt þannig, að kröfur hans í héraði verði teknar til greina, svo að stefndi verði dæmdur til að greiða áfryjanda kr. 319,16 ásamt 5% vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags og málskostnað allan að skaðlausu eða eftir mati réttarins. — Hins vegar hefir stefndi krafist þess, að hinn áfryjaði dómur verði staðfestur, og að áfryjandi verði dæmdur til þess að greiða málskostnað fyrir yfir- og undirrétti með 80 kr. eða einhverri eftir réttarins mati nægilegri upphæð.

Málsparta greinir ekki á um það, að þeir hafi komið sér saman um að halda úti bát til fiskveiða frá Sleitunaustum frá því um 20. júlí 1903. Bát þann, sem notaður var til úthaldsins, átti stefndi, svo og öll veiðarfæri, er úthaldið byrjaði; sliturur þær, sem áfrýjandi vildi leggja til, voru aldrei notaðar, því þær þóttu ekki til þess hæfar. Það sem annars þurfti til útgjörðarinnar, nema á þriðju tunnuna af salti, sem stefndi upphaflega lagði til, var tekið út í reikning útgjörðarinnar við Gránufélagsverzlunina á Vestdalseyri. Áfrýjandi heldur því fram, að á tímabilinu frá því um 20. júlí til 22. ág. 1903, er áfrýjandi fór heim til sín frá útgjörðinni — en þann tíma var hann einn þeirra, er reru bátnum — hafi aflast 16 skpd. af fiski, er hann hafi átt helming af, en af þeim 8 skpd. hafi hann að eins fengið 5 skpd. og kveðst því eiga hjá stefnda 3 skpd., er hann verðleggur á kr. 51,20 skippundið, samtals 153 kr. 60 a. Þá krefst áfrýjandi enn, að stefndi greiði sér kr. 29,04, er sé helmingur af upphæð þeirri, sem tekin hafi verið út í félagsreikninginn aðallega til veiðarfæra, og sé stefnda skylt að greiða þetta fé, með því að hann hafi tekið öll veiðarfærin til sín. Áfrýjandi hefir enn fremur viljað halda því fram, að félagsútgjörðin hafi haldið áfram eftir að hann fór frá útgjörðinni 22. ág. 1903, og á þeim tíma hafi fiskast 8 skpd. af fiski, en af þeim beri sér $2\frac{2}{8}$ skpd. á kr. 51,20 eða 136 kr. 52 a. Samtals beri sér þannig hin umstefnda upphæð kr. 319,16. Á hinn bóginn hefir stefndi haldið því fram, að á tímabilinu frá c. 20. júlí til 22. ág. 1903 hafi að eins aflast 10 skpd. 58 pd., eins og reikningurinn við Gránufélagsverzlunina beri með sér. Áfrýjandi hefir

viljað færa sönnur á, að stefndi hafi sjálfur áætlað fisk þenna 16 skpd.; en þótt stefndi hefði gjört einhverja áætlun um hvað fiskurinn mundi veða, þá getur sú áætlun hans ekki haft neina þýðingu áfrýjanda í hag úr því hann enga ábyrgð tókst á hendur í þá átt, enda eru ekki neinar líkur komnar fram fyrir því, að stefndi hafi dregið undan af fiskinum. En skyldur til að afhenda áfrýjanda hans hluta af fiskinum in natura gat stefnda ekki borið, og ber að meta ástæðu hans fyrir því á góðum rökum bygða, þar sem þeirri verzlun, sem útgjörðarmennirnir skiftu við hafði verið heitið því, að þeir skyldu selja henni allan fisk, sem fengist af úthaldinu, og hefir áfrýjandi ekki getað vefengt þetta með neinum rökum. Að því er kemur til úttektarinnar til úthaldsins, hefir stefndi ómótmælt haldið því fram—og í því tilliti skírskotað til reikningsins frá Gránufélagsverzluninni—, að nokkuð af þessari úttekt hafi hann sjálfur greitt verzluninni, en hitt sé að mestu leytí efni í línu handa útgjörðinni; og með því, að hann einn hafi átt línu þá — og það ekki vefengt —, sem notuð var við fiskiveiðarnar, en af henni mistist partur, þá beri áfrýjanda ekkert tillkall til línunnar eða hafi nokkra heimiting á að fá nokkuð af andvirði línunnar, og á þetta verður rétturinn að fallast. Stefndi hefir stöðugt haldið því fram, að félagsútgjörð hans og áfrýjanda hafi verið slitið 22. ág. 1903, og færir hann þessar ástæður fyrir að svo hafi verið. Áfrýjandi hafi nýnefndan dag farið heim til sín, að Fossi, til þess að slá tún sitt, en hafi ætlað að koma fljótt aftur eða að senda mann í sinn stað; en um mánaðamótin ág. og sept. var áfrýjandi enn ekki kominn og enginn annar af hans hendi; áleit

stefndi þá að félagsskap þeirra væri lokið og útvegaði sjálfur mann á bátinn og hélt einn áfram útgjörðinni og greiddi verzluninni það, sem úttekið hafði verið hjá henni frá 22. ág. — Áfrýjandi hefir ekki getað hnekt þessum framburði stefnda, og þótt vitni hafi borið, að þeir hafi álitid, að félagsskapnum hefði verið haldið áfram eftir 22. ág., þá verður ekki neitt bygt á þeirra framburði af því að þeir að eins hafa bygt á sögusögn áfrýjanda. — Rétturinn verður því að líta svo á, að eftir vllri framkomu áfrýjanda eftir 22. ág. hafi stefnda að sjálfsögdðu verið heimilt að halda útgjörðinni einn áfram og að áfrýjandi því ekki í þessu tilliti geti gjört neina kröfu til stefnda.

Rétturinn álitur því eftir framansögdðu rétt, að héraðs-dómarinn hefir sýknað stefnda og með því að rétturinn einnig felst á málskostnaðarákvæði dómsins, ber að staðfesta hann að öllu leyti. — Samkvæmt þessum úrslitum ber áfrýjanda að greiða stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, er þykir hæfilega metinn 25 kr. —

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjanda dómi skal óraskað. Áfrýjandi Magnús Sigurðsson greiði stefnda málskosnað fyrir yfirdómi með 25 kr., sem lúkist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri lagaðför.